

Hr. formaður fjárveitinganefndar Alþingis, Stefán Vagn Stefánsson

Með erindi þessu óska ég eftir fjárveitingu frá Alþingi til þolendamiðstöðvarinnar Sigurhæða, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis á Suðurlandi fyrir árið 2024.

Sigurhæðir hafa notið fjárveitinga frá Alþingi núna um tveggja ára skeið, 2022 og 2023, fyrst sex milljóna króna og síðan átta milljóna króna. Fyrir þetta erum við fjárlaganefnd Alþingis ákaflega þakklátar.

Sigurhæðir eru reknar af Soroptimistaklúbbi Suðurlands og á fjárhagslega ábyrgð hans, en klúbburinn telur um 30 konur. Úrræðinu var hleypt af stokkunum í mars 2021 og hefur því núna verið starfandi um tveggja og hálfis árs skeið. Markmiðin með stofnun Sigurhæða voru þrjú: 1) Að bjóða konum búsettum á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum sem eiga rætur í ofbeldinu, hvort sem það er kynferðislegt, andlegt, líkamlegt eða tilfinningalegt; 2) Að efla samstarf milli allra helstu aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu á Suðurlandi og reka samstarfs- og samhæfingarvettvang þeirra; 3) Að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu. Öll þessi markmið hafa gengið eftir með afar góðum árangri.

Samstarfsaðilar eru alls 23, að Soroptimistaklúbbi Suðurlands meðtöldum. Þetta eru öll sunnlensku sveitarfélögin 15,

lögregluembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, sýslumannsembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Kvennaráðgjöfin (lögfræðileg ráðgjöf) og Mannréttindaskrifstofa Íslands (réttindafræðsla til innflytjendakvenna ásamt túlkun). Þetta er víðtækasta og virkasta net samstarfsaðila sem þekkt á þessu sviði á Íslandi. Meðferðaraðilar innan Sigurhæða eru fjórir en auk þeirra starfar undirrituð sem verkefnisstjóri við verkefnið og systur í Soroptimistaklúbbi Suðurlands ganga vaktir við móttöku og bókanir sem sjálfboðaliðar. Frá stofnun hefur aðsókn farið vaxandi frá mánuði til mánaðar og nú er svo komið að um 250 konur hafa verið eða eru í umfangsmikilli þjónustu hjá Sigurhæðum. Hún felst í einstaklingsviðtölum, hópmeðferð í allt að þremur tíu vikna lotum, listmeðferð og sérhæfðri EMDR áfallameðferð þar sem það á við, auk þess sem viðtöl við lögreglu og lögmann standa til boða. Sigurhæðir eru eina þolendamiðstöðin sem býður áfallameðferð, sem við teljum bæði aðkallandi og árangursríka fyrir þennan skjólstæðingahóp. Um 60% af skjólstæðingum koma eftir tilvísun frá ýmist félagsþjónustu sveitarfélags eða í gegnum Heilbrigðisstofnun Suðurlands, einkum geðteymi. 40% skjólstæðinga eru öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri. Dæmi eru um að öryrkjar hafi farið aftur út á vinnumarkað eftir meðferð hjá SIGURHÆÐUM. Hjá Bjarkarhlíð í Reykjavík er hlutfall öryrkja 23% og enn lægra hjá öðrum úrræðum. Þetta leiðir til að hver skjólstæðingur er mun lengur undir handarjaðri Sigurhæða en gengur og gerist hjá systursamtökum og þungi mála meiri en almennt gildir annars staðar, en algengt er að skjólstæðingar séu í þjónustu um eins árs skeið. Árangur af meðferðarstarfinu er

mælanlegur og afskaplega jákvæður og ríkir ánægja meðal samstarfsaðila með úrræðið.

Eins og fjárlaganefnd hefur áður verið kynnt þá setti undirrituð fram svokallað fjármögnunarmódel fyrir Sigurhæðir haustið 2021 og kynnti það þá m.a. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Samkvæmt því var leitað eftir því við sunnlensk sveitarfélög að þau samþykki þriðjung kostnaðaráætlunar hverju sinni og vonir eru bundnar við að ríkissjóður fjármagni helming kostnaðaráætlunar. Þetta hefur gengið eftir hjá sveitarfélögunum, en engar ákvarðanir liggja fyrir um með hvaða hætti ríkið kemur að fjármögnun Sigurhæða. Það er þó ein af meginniðurstöðum bæði starfshópa á vegum dómsmálaráðuneytis og á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra o.fl. að brýnt sé að tryggja fjárhagslegan grundvöll þolendamiðstöðvanna þriggja til framtíðar. Í fyrra ályktaði stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga eftirfarandi um Sigurhæðir: "Stjórn SASS óskar Soroptimistaklúbbsi Suðurlands til hamingju með góðan árangur af áhersluverkefninu. Ljóst er að meðferðarúrræðið hefur gefist vel fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem samstarfsaðilar nýta og treysta. Stjórn hvetur ríkið, sveitarstjórnir og aðra hagaðila að tryggja vöxt og viðgang verkefnisins til næstu ára."

Þrátt fyrir þessa óvissu um fjármögnun Sigurhæða hefur Soroptimistaklúbbsi Suðurlands tekist frá upphafi að afla styrkja til úrræðisins til að standa straum af kostnaði. Það er þó sífellt á meiri bratta að sækja. Okkur hefur verið gert viðvart um að líklegt sé að tveir styrkir sem við höfum notið undanfarin tvö ár muni falla niður á næsta ári, en það er

annars vegar styrkur úr Sóknaráætlun Suðurlands upp á 5 mkr. og hins vegar styrkur úr Sigfúsarsjóði upp á 6 mkr. Litið er á styrki úr Sóknaráætlun sem nokkurs konar "start-up" styrki og okkur er tjáð að við höfum náð hámarksviðmiði Sigfúsarsjóðs fyrir styrkveitingar til einstakra verkefna. Og á meðan margir aðilar, eins og t.d. verkalýðsfélög, voru tilbúnir til að styrkja Sigurhæðir í upphafi, er stöðugt erfiðara að óska eftir styrkjum frá sömu aðilum í annað eða þriðja sinnið. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur enn á ný ítrekað þann vilja ráðuneytisins að gera samning við Sigurhæðir, en býst ekki við að það gerist fyrr en á næsta ári.

Kostnaðaráætlun fyrir árið 2024 nemur 53 mkr. Í samræmi við markmið okkar um að helmingur kostnaðaráætlunar komi úr ríkissjóði óskum við eftir 26,5 mkr. fjárveitingu til Sigurhæða fyrir árið 2024.

Ég er tilbúin til að mæta á fund fjárlaganefndar hvenær sem er til að fylgja þessu erindi okkar eftir.

Með vinsemd og virðingu
Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri SIGURHÆÐA